

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Grundarfirði.

1. gr.

Af hundum í Grundarfjarðarbæ skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Grundarfjarðarbæ, nr. 1194/2011, sbr. 13. gr. hennar.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Leyfisgjald	5.500 kr.
Bráðabirgðaleyfi	5.500 kr.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	13.200 kr.
------------------	------------

Sama ár og hundur er skráður skal innheimta eftirlitsgjald hlutfallslega m.v. þann mánuð sem hundur er skráður, sbr. 2. mgr. 13. gr. samþykktar um hundahald.

4. gr.

Greiðsla vegna ormahreinsunar og ábyrgðartryggingar er innifalin í eftirlitsgjaldi.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, 12.000 kr. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 31. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Undanþegnir eftirlitsgjaldi eru hundar sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu eftirlitsgjalds. Heimilt er að ógilda niðurfellingu eftirlitsgjalds sé viðkomandi hundur ekki lengur notaður til löggæslu- eða björgunarstarfa samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Ekki er innheimt eftirlitsgjald af hundum sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu.

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Grundarfjarðar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Grundarfirði nr. 1194/2011 og öðlast gildi 1. janúar 2013. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 51/2012.

Grundarfirði, 30. nóvember 2012.

Björn Steinar Pálmason bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. desember 2012